

Mánudaginn 3. apríl 1978.

Nr. 55/1978. **Miðbæjarframkvæmdir s/f**
 gegn
Magnúsi Björgvinssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Miðbæjarframkvæmdir s/f, er eigi sækir dóm-
 þing í máli þessu, greiði 5.000 króna útivistargjald til ríkis-
 sjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 6. apríl 1978.

Nr. 108/1977. **Ákærvaldið**
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn
Gísla Ísfeld Guðmundssyni
 (Hörður Einarsson hrl.).

Bifreiðar. Of hraður bifreiðarakstur. Brot gegn umferðarlög-
 um.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr,
 Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.
 Málsatvik eru greind í héraðsdómi.

I.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi ekki
 sinnt stöðvunarmerki lögreglumanns, er ákærði ók austur
 Suðurlandsveg. Varðar brot þetta við 3. mgr. 38. gr., sbr. 80.
 gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er þá giltu, en ákvæðum 1. gr.

laga nr. 54/1976 um breyting á 80. gr. umferðarlaga verður eigi beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Samkvæmt 1. gr. samþykktar nr. 258/1969 um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2/1930 var almennur hámarkshraði ákveðinn 45 km miðað við klukkustund, en borgarstjórn jafnframt heimilað að ákveða annan hámarkshraða á einstökum vegum, sbr. 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt auglýsingu nr. 124/1960 um aðalbrautir og hámarkshraða á þjóðvegum í nágrenni Reykjavíkur, Gullbringu-, Kjósar- og Árnessýslu er hámarkshraði frá vegamótum við Vesturlandsveg að Selási 60 km miðað við klukkustund.

Samkvæmt 1. gr. auglýsingar nr. 252/1973 um hámarkshraða á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi o. fl., sem sett var samkvæmt 50. gr. og 65. gr. umferðarlaga, er hámarkshraði á tímabilinu 1. maí til 30. september á Suðurlandsvegi frá Selási við Reykjavík að vegamótum við Biskupstungna-braut 80 km á klst.

Fyrir Hæstarétt hefur skipaður verjandi ákærða lagt fram álitserð Þorvalds Búasonar eðlisfræðings um „mat á óvissu-um í ágiskunum lögregluþjóna á hraða bifreiðarinnar R 11271 4. ágúst 1975 á Suðurlandsvegi.“

Telur eðlisfræðingurinn framburði lögreglumannanna um hraða bifreiðarinnar R 11271 eigi fá staðist. Í ályktarorðum álitserðarinnar segir m. a. svo: „Það er fráleitt, að hraði R (þ. e. R 11271) hafi verið 120-130 km/h miðað við þær upplýsingar, sem fram koma í skýrslum lögregluþjónanna aðrar en ágiskanir þeirra Þegar þess er gætt, hvaða sjónhverfingar og skynvillur geta torvelað mat á fjarlægðarbreytingum við þær aðstæður, sem gilda um vegarkaflann við Rauðavatn, virðist ekki útilokað, að hraði R hafi verið undir 80 km/h, þótt líklegra verði að telja, að hann hafi verið mun meiri“.

Vætti lögreglumanna, sem rakin eru í héraðsdómi og eigi

er hnekkð með öðrum gögnum málsins, þykja fela í sér nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi ekið bifreiðinni R 11271 hraðar en lög leyfa hinn 4. ágúst 1975 um Bæjarhálsl eftir Suðurlandsvegi hjá Rauðavatni. Varða brot þessi við 1. og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 16/1977 um breyting á þeim lögum, sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, 40.000 króna sekt, en vararefsing varðhald 5 daga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 50.000 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda hans, 50.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Gísli Ísfeld Guðmundsson, greiði 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Harðar Einarssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. október 1976.

Ár 1976, föstudaginn 29. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 524/1976: Ákærvaldið gegn Gísla Ísfeld Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 25. f. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 30. apríl sl., gegn Gísla Ísfeld Guðmundssyni húsgagnasmíðanema, Víðivöllum við Elliðavatn, fæddum í Reykjavík 5. nóvember 1957,

„fyrir að aka að kvöldi sunnudagsins 4. ágúst 1975 bifreiðinni R 11271 á allt að 100 km hraða miðað við klst. austur Bæjarháls í Reykjavík og sinna ekki stöðvunarmerkjum lögreglumanns þar, heldur auka við hraðann og aka á allt að 130 km hraða austur Suðurlandsveg.

Telst þetta varða við 3. mgr. 38. gr., 1. og 2. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik.

Atburður sá, sem mál þetta er af risið, er í ákæru talinn hafa orðið sunnudaginn 4. ágúst 1975, og er það í samræmi við dagsetningu lögregluskýrslu. Hinn 4. ágúst 1975 bar upp á mánudag, svo að hér er um skekkju að ræða. Samkvæmt skýrslu ákærða er 4. ágúst rétt dagsetning, og hefur atvikið því orðið á mánudegi. Þorgrím Guðmundsson lögregluþjón, sem skýrsluna gaf, minnir einnig, að þetta gerðist á mánudagskvöldi.

Samkvæmt nefndri skýrslu Þorgríms var hann staddur við gatnamót Dragháls og Suðurlandsvegur kl. 22 ásamt þremur öðrum lögregluþjónum. Þá sáu þeir bifreiðina R 11271 koma austur Suðurlandsveg með ofsahraða, og fór Þorgrímur þá og gaf öku-manni stöðvunarmerki, en hann sinnti því ekki, og varð Þorgrímur að stökkva frá bifreiðinni. Síðan fór hann inn í lögreglubifreið og veitti R 11271 eftirför, en henni var beygt af Suðurlandsvegi sunnan við Rauðavatn austur Elliðavatnsveg (eða Norðlingabraut), og þar hvarf hún sjónum. Þorgrímur og félagi hans sáu slóð eftir bifreiðina heim að Víðivöllum, og leit út fyrir, að bifreiðinni hefði verið ekið inn í bílskúr. Þeir Þorgrímur fóru síðan burt og biðu við Rauðavatn, uns jeppabifreið kom frá Víðivöllum, og stöðvuðu þeir hana. Í henni voru Ólafur Guðmundsson, Víðivöllum, svo og ákærði. Ólafur sagðist ekki vita, hver ekið hefði R 11271, en taldi, að bróðir hans mundi hafa gert það. Ákærði neitaði, að hann hefði ekið bifreiðinni, og hefði hún staðið í viku inni í bílskúr. Samkvæmt lögregluskýrslunni var ákærði hortugur og illyrtur.

Í skýrslu Þorgríms segir, að hann hafi ekið lögreglubifreiðinni

á 100 km hraða m/v klst. á eftir R 11271 og hafi þó dregið verulega sundur með bifreiðunum.

Ákærði segist hafa ekið R 11271 í þetta skipti. Hann neitar því, að hann hafi orðið var við, að stöðvunarmerki væri gefið á Suðurlandsvegi. Hann telur hraðann hafa numið 70—80 km m/v klst. á leið austur Suðurlandsbraut. Hann kveðst hafa séð tvær lögreglubifreiðar standa vinstra megin við veginn. Ákærði kveðst ekki hafa orðið var við, að honum væri veitt eftirför. Hann segir, að þrjóska hafi komið upp í sér, er lögreglan hafði afskipti af þeim bræðrum, og hafi hann ekki viljað láta athuga R 11271.

Vitnið Þorgrímur Guðmundsson lögregluþjónn kveður mikla umferð hafa verið um Suðurlandsveg þetta kvöld. Hann segir, R 11271 hafa verið ekið með ofsahraða austur veginn. Hann kveðst hafa farið inn á akbrautina og gefið stöðvunarmerki, er ökumaður hafi ekki sinnt. Hann telur öruggt, að ökumaður hafi séð, er hann gaf merkið. Þorgrímur kveðst hafa orðið að stökkva undan, er bifreiðina bar að, til þess að forðast að verða fyrir henni. Hann segir, að þeir Pétur Þór Sigurðsson lögregluþjónn hafi þá farið inn í lögreglubifreið og ekið inn á Suðurlandsveg og elt R 11271. Hann kveðst ekki muna gerla, hve langan tíma það hafi tekið að komast inn á veginn né hvernig aðstæður hafi verið, en lögreglubifreiðin hafi sterka vél og hún komist fljótt á mikinn hraða. Hann segir, að eftir að komið var á hæðina rétt fyrir austan, þar sem beygt er til hægri, hafi verið farið að mæla hraða R 11271.

Vitnið Pétur Þór Sigurðsson, stud. jur., 22 ára, gegndi lögreglustörfum á þessum tíma og var með Þorgrími í eftirförinni á eftir bifreið ákærða. Hann kveðst hafa veitt R 11271 athygli, af því að mikill hávaði hafi borist frá henni, er hún nálgadist. Pétur Þór telur hraða R 11271 hafa verið mikinn, a. m. k. 100 km m/v klst. Þorgrímur hafi hlaupið inn á veginn og gefið stöðvunarmerki og sé óhugsandi annað en ökumaður hafi séð það, en hann hafi ekki sinnt því. Þeir Þorgrímur hafi hlaupið inn í lögreglubifreið og hafið eftirför. Aðstæður hafi verið slíkar, að þeir hafi ekið lögreglubifreiðinni af stað og beygt inn á Suðurlandsveg og komist það án tafar. Eftir að þeir voru komnir upp á hæðina fyrir austan, hafi þeir getað fylgst með hraða R 11271 allt til þess er henni var ekið inn á hliðarvegin. Á þessari leið hafi lögreglubifreiðinni verið ekið á um það bil 100—110 km hraða, en fjarlægð þó aukist milli bifreiðanna. Þá segir Pétur, að á leiðinni að Víðivöllum hafi verið greinileg skrensför eftir bifreið og allt að bílskúrnum.

Vitnið Kristinn Friðrik Árnason, stud. jur., er starfaði í lög-reglunni þetta sumar, kveðst hafa verið staddur við Dragháls ásamt lögregluþjónunum þremur og séð R 11271 koma austur veginn. Mikill gnýr hafi heyrst frá bifreiðinni. Þorgrímur hafi hlaupið út á veginn og gefið stöðvunarmerki, en ökumaður ekki sinnt því og hljóti hann þó að hafa orðið var við það, enda hafi Þorgrímur farið út á miðja akreinina til þess að gefa merkið. Kristinn giskar á, að hraði R 11271 hafi ekki verið undir 80—100 km m/v klst., er hún fór fram hjá.

Vitnið Snæbjörn Aðalsteinsson var einn þeirra fjögurra lögregluþjóna, er áður greinir. Hann segist hafa veitt athygli stórrí svartri bifreið, er kom austur veginn, og hafi bifreiðinni verið ekið allgreitt, en ekki getur hann tilgreint hraðann nánar. Þorgrímur hafi þá farið út á götuna til þess að gefa stöðvunarmerki, en ökumaður ekki sinnt því og haldið áfram með sama hraða.

Lögleyfður hámarkshraði á Suðurlandsvegi er 60 km m/v klst. austur að Rauðavatni og hækkar þar í 80 km m/v klst.

Niðurstöður.

Ljóst þykir, m. a. af framburði ákærða, að hann hafi verið ökumaður R 11271, er atvik það varð, sem málið er af risið.

Með vætti fjögurra lögregluþjóna þykir verða að telja fullsannað, að ákærði hafi haft að engu stöðvunarmerki lögregluþjóns, er hann ók bifreiðinni austur Suðurlandsveg, enda þótt ákærði hafi ekki viljað við það kannast við meðferð máls þessa. Háttsemi ákærða gagnvart lögregluþjónunum, er þeir höfðu tal af honum, þegar hann var á leið frá Víðivöllum, bendir líka til þess, að ákærði hafi talið sér þörf á að leynd því, að hann hefði verið við stjórn R 11271.

Ákærði hefur þannig unnið til refsingar skv. 3. mgr. 38. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Enn fremur þykir sannað með vætti Þorgríms Guðmundssonar og Péturs Þórs Sigurðssonar, studdu af vætti tveggja annarra lögregluþjóna, að ákærði hafi ekið langt yfir löglegan ökuhraða. Um hraðann verður ekki dæmt með nákvæmni, og ósannað þykir, að hann hafi náð 130 km m/v klst.

Atferli þetta varðar við 50., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða, sem ekki hefur fyrr sætt neinum refsingum, verður með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga ákveðin 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald fyrir sektina, ef ákærði greiðir hana ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Brot ákærða voru veruleg og af þeim stafaði hættu. Þykir því rétt að taka til greina kröfu um, að ákærði verði sviptur ökuleyfi. Sviptingartími ákveðst 3 mánuðir frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 178. gr. laga 74/1974 verður ákveðið, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsákvæðis.

Samkvæmt 141. gr. laga 74/1974 verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Harðar Einarssonar hæstaréttarlögmanns, er ákveðin verða 25.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Ísfeld Guðmundsson, greiði 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra 3 mánuði. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Harðar Einarssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 kr.

Mánudaginn 10. apríl 1978.

Nr. 41/1978. **Örn Helgason**

gegn

Valgerði Þóru Benediktsson.

Kærumál. Forræði barna. Frávísunardómur staðfestur. Sér-
atkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Með kæru 16. febrúar 1978, sem barst Hæstarétti 2. mars